

Vestfjarðastofa

# STARFSÁÆTLUN 2020

Vestfjarðastofa hefur nú verið starfandi í tvö ár en stofnfundur Vestfjarðastofu ses var 1. desember 2017.

Undir Vestfjarðastofu heyrir skrifstofa Fjórðungssambands Vestfirðinga, Markaðsstofa Vestfjarða, menningarfulltrúi auk allrar starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Vestfjarðastofa steig fyrstu skref á árinu 2018, þau byggðu á miklu og góðu starfi forvera hennar. Verkefnin sem unnin voru á árinu 2018 voru mikilvæg því þau vörðuðu leiðina á árinu 2019. Á árinu 2019 hefur mikil áhersla verið lögð á að efla atvinnuþróunarþátt Vestfjarðastofu og meðal annars hefur Vestfjarðastofa aðstoðað við stofnun samtaka atvinnurekenda á Ströndum og Reykhólum, á norðursvæði Vestfjarða og virkjun slíkra samtaka á suðursvæði Vestfjarða.

Áhersla verður áfram á árinu 2020 lögð á verkefni sem leggja grunn að frekari fjárfestingum á svæðinu, verkefni þar sem litið er til framtíðar svo sem að ljúka vinnu við innviðagreiningu, vinnu með klösum á sviði sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu og samtökum atvinnurekenda á öllum svæðum Vestfjarða auk verkefna sem bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, aðstoða sveitarfélög og ýta undir samstarf.

Árið 2019 var unnin ný Sóknaráætlun fyrir Vestfirði þar sem meðal annars er lögð rík áhersla á vöruþróun í starfandi fyrirtækjum, stafræna þróun á svæðinu og að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja á svæðinu. Í þeirri starfsáætlun sem hér er lögð fram er lögð áhersla á að verkefni svarið kalli nýrrar Sóknaráætlunar.

Vestfjarðastofa

## Stjórn Vestfjarðastofu:

| | |
|---|---|
| Hafdís Gunnarsdóttir | Ísafjarðarbæ, formaður |
| Sigurður Hreinsson | Ísafjarðarbær |
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir, | Reykhólum |
| Kristján Jón Guðmundsson | Bolungarvíkurkaupstað |
| Iða Marsibil Jónsdóttir | Vesturbyggð |
| Víkingur Guðmundsson | Arnarlax |
| Hólmfríður Vala Svavarsdóttir | Hótel Ísafjörður |
| Kristján Jóakimsson | HG |
| Ágústa Ýr Sveinsdóttir, | Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum |

## Starfsfólk Vestfjarðastofu:

| | |
|---|---|
| Sigríður Ó. Kristjánsdóttir | Framkvæmdastjóri |
| Aðalsteinn Óskarsson | Sviðsstjóri byggðasviðs |
| Díana Jóhannsdóttir | Sviðsstjóri atvinnusviðs |
| Birna Jónasdóttir | Verkefnastjóri |
| Skúli Gautason | Verkefnastjóri |
| Guðrún Anna Finnbogadóttir | Verkefnastjóri |
| Lína B. Tryggvadóttir | Verkefnastjóri |
| Magnea Garðarsdóttir | Verkefnastjóri |
| Margrét Birkisdóttir | Bókhald |
| Agnes Arnardóttir | Verkefnastjóri |
| Þórkatla Soffía Ólafsdóttir | Verkefnastjóri |

# Hlutverk Vestfjarðastofu

**Vestfjarðastofa** styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.






# Áhersluflokkar

Vestfjarðastofa hefur skilgreint fjóra áhersluflokka til ársins 2027 og undir hverri þeirra eru þrjár áherslur

Vestfjarðastofa

# Meginmarkmið ársins 2020

| Þekking | Ráðgjöf | Umhverfi | Markaður |
|---|---|---|---|
| Að kynna Sóknaráætlun Vestfjarða og Vestfirskar áherslur fyrir a.m.k 4 stofnunum og 4 ráðuneytum | Samstarf atvinnulífs formgert með málefnahópum og starfsemi þeirra fest í sessi á árinu 2020 | Samgönguáætlun Vestfjarða verði birt og kynnt á árinu 2020 | Nýtt vörumerki fyrir "Hringveg 2" verði tekið í notkun á árinu 2020 |
| Mannauðsstefna Vestfjarðastofu verði unnin og samþykkt af stjórn | Að taka þátt í og miðla niðurstöðum fyrirtækjakönnunar á Vestfjörðum | Vinna verði hafin við gerð svæðisskipulags Vestfjarða | Sameiginlegt merki matvælaframleiðenda tengt vörumerki H2 verði tekið í notkun á árinu 2020 |
| Vestfjarðastofa taki þátt í að minnsta kosti tveimur samstarfsverkefnum við fyrirtæki og stofnanir | Unnið með "klösum" fyrirtækja í sjávarútvegi, ferðaþjónustu & fiskeldi og að minnsta kosti eitt nýtt verkefni mótað á árinu með hverjum klasa. | Komið verði á að minnsta kosti einu stóru samstarfsverkefni á sviði umhverfis- eða loftslagsmála á árinu 2020 | Nýtt menningarráð taki til starfa sem stofni til a.m.k. eins verkefnis sem nær yfir alla Vestfirði |
| | | | |

Vestfjarðastofa

# Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2020

| Tekjur | | Rekstur skrifstofu | Sóknaráætlun | Atvinnuþróun | Byggðaþróun | Menningarmál | Markaðsmál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FV - VFS vegna reksturs skrifstofu (Jöfnunarsjóður) | 33,000,000 | 33,000,000 | | | | | |
| FV-VFS vegna Sóknaráætlunar | | | | | | | |
| Vegna reksturs | 9,700,000 | | 9,700,000 | | | | |
| Vegna áhersluverkefna | 33,000,000 | | 5,000,000 | 10,000,000 | 5,000,000 | | 13,000,000 |
| FV-VFS vegna reksturs skrifstofu - Sveitarfél | 37,400,000 | 10,200,000 | | 6,500,000 | 4,000,000 | 9,900,000 | 6,800,000 |
| FV-VFS vegna framlags Ferðamálastofu | 16,400,000 | | | | | | 16,400,000 |
| FV-VFS vegna þróunar sóknaráætlunar - Jöfn | 5,300,000 | | 5,300,000 | | | | |
| FV-VFS framlög vegna byggðaáætlunar | 18,000,000 | | | 15,000,000 | | 3,000,000 | |
| FV - VFS Framlag Byggðast. til atvinnuþróunar | 42,000,000 | | | 42,000,000 | | | |
| Sértekjur vegna bókhalds | 6,520,000 | 6,520,000 | | | | | |
| | | | | | | | |
| Brothættar byggðir | 10,200,000 | | | | 10,200,000 | | |
| Framlög Ferðamálastofu | 11,375,000 | | | | | | 11,375,000 |
| Ónotaðir styrkir færðir milli ára | 8,000,000 | | | | 8,000,000 | | |
| Áhersluverkefni færð milli ára | 5,000,000 | | | 5,000,000 | | | |
| Árgjöld fyrirtækja | 4,000,000 | | | 2,000,000 | | | 2,000,000 |
| Tekjur vegna Vestfjarðakorts | 1,175,000 | | | | | | 1,175,000 |
| **Samtals tekjur** | **241,070,000** | **49,720,000** | **20,000,000** | **80,500,000** | **27,200,000** | **12,900,000** | **50,750,000** |
| | | | | | | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 134,500,000 | 22,416,667 | 14,570,833 | 44,833,333 | 17,036,667 | 7,621,667 | 28,020,833 |
| Stjórn og nefndir | 8,500,000 | 8,500,000 | | | | | |
| | **143,000,000** | **30,916,667** | **14,570,833** | **44,833,333** | **17,036,667** | **7,621,667** | **28,020,833** |
| **Skrifstofukostnaður** | | | | | | | |
| Húsnæðiskostnaður | 8,810,000 | 1,468,333 | 954,417 | 2,936,667 | 1,115,933 | 499,233 | 1,835,417 |
| Tryggingar, húsnæðis og starfsmanna | 450,000 | 75,000 | 48,750 | 150,000 | 57,000 | 25,500 | 93,750 |
| Aðkeyptir verktakar | 11,500,000 | 2,000,000 | | 4,000,000 | | 1,500,000 | 4,000,000 |
| Ýmiss skrifstofukostnaður | 10,740,000 | 2,440,000 | 951,833 | 2,580,000 | 980,400 | 325,267 | 3,462,500 |
| | **31,500,000** | **5,983,333** | **1,955,000** | **9,666,667** | **2,153,333** | **2,350,000** | **9,391,667** |
| | | | | | | | |
| **Kostnaður vegna sérverkefna** | | | | | | | |
| Ferðakostnaður | 6,800,000 | 850,000 | 566,667 | 2,266,667 | 850,000 | 566,667 | 1,700,000 |
| Fundir / ráðstefnur | 4,500,000 | 562,500 | 375,000 | 1,500,000 | 562,500 | 375,000 | 1,125,000 |
| Fjórðungsþing og málþing | 3,000,000 | 3,000,000 | | | | | |
| Heimasíða og samfélagsmiðlar | 1,500,000 | 625,000 | 83,333 | 333,333 | 125,000 | 83,333 | 250,000 |
| Verkefnakostnaður | 45,200,000 | 5,756,250 | 2,250,000 | 21,800,000 | 6,393,750 | 1,000,000 | 8,000,000 |
| Endurskoðun | 2,000,000 | 2,000,000 | | | | | |
| | **63,000,000** | **12,793,750** | **3,275,000** | **25,900,000** | **7,931,250** | **2,025,000** | **11,075,000** |
| | | | | | | | |
| **Hagnaður/(tap)** | **3,570,000** | **26,250** | **199,167** | **100,000** | **78,750** | **903,333** | **2,262,500** |

## Atvinnu og byggðamál

| | |
|---|---|
| Samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum | Atvinnuþróun |
| Vestfirðir 2035 - Birting og kynning á sviðsmyndum | Byggðaþróun |
| Visit Westfjords | Markaðsstofa |
| Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar | Atvinnuþróun |
| Vestfirðingar - almannatengsl | Atvinnuþróun |
| Orkutengd verkefni | Byggðaþróun |
| Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum | Byggðaþróun |
| Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum | Atvinnuþróun |
| Áfangastaðaáætlun Vestfjarða | Markaðsstofa |
| Atvinnuþróun í samstarfi við sveitarfélög | Atvinnuþróun |
| Innviðagreining Vestfjarða | Atvinnuþróun |
| Fjárfestingatækifæri á Vestfjörðum | Atvinnuþróun |
| Blaðamannaferðir | Markaðsstofa |

## Atvinnuráðgjöf

| | |
|---|---|
| Betri og fleiri umsóknir frá Vestfjörðum | Atvinnuþróun |
| Hagnýting tækni í þágu staðbundinna fyrirtækja | Atvinnuþróun |
| Westfjords Food | Atvinnuþróun |
| Stafrænir Vestfirðir | Markaðsstofa |
| Hringvegur 2 | Markaðsstofa |
| Ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla | Atvinnuþróun |
| Sýningar | Markaðsstofa |
| Mannamót | Markaðsstofa |

## Nýsköpun

| | |
|---|---|
| Nýsköpunargreiningar fyrirtækja | Atvinnuþróun |
| Þari og þörungar | Atvinnuþróun |
| Nýsköpunarkeppni Sjávarklasa Vestfjarða | Atvinnuþróun |
| Námskeið fyrir frumkvöðla | Atvinnuþróun |
| Sjávarútvegs- og fiskeldisklasar | Atvinnuþróun |

## Hagsmunagæsla og byggðamál

| | |
|---|---|
| Rekstur skrifstofu FV | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Brothættar byggðir í Árneshreppi og Þingeyri | Byggðaþróun |
| Fjórðungsþing og ársfundir | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Samskipti við Alþingi og ráðuneyti | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Samgöngu- og fjarskiptanefnd | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Byggðaáætlun | Byggðaþróun |
| Kynning Sóknaráætlunar | Sóknaráætlun |
| Áhersluverkefni Sóknaráætlunar | Sóknaráætlun |
| Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar | Sóknaráætlun |
| Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði | Sóknaráætlun |
| Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði | Sóknaráætlun |
| Kynning á Uppbyggingarsjóði | Sóknaráætlun |
| Nýjir starfshættir við úthlutun | Sóknaráætlun |

## Upplýsingaöflun, (miðlun) og talnagreining

| | |
|---|---|
| Vefur og samfélagsmiðlar VFS | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Fyrirtækjakönnun | Atvinnuþróun |
| Vestfjarðakort | Markaðsstofa |
| Samfélagsmiðlar og blogg | Markaðsstofa |
| Heimasíða og fréttabréf | Markaðsstofa |

## Endurmenntun, samstarf ofl.

| | |
|---|---|
| Verkefnastjórn, Sharpoint og Teams | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs | Markaðsstofa |
| Grænu skrefin | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |
| Starfsmannamál Vestfjarðastofu | Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla |

## Menning og skapandi greinar

| | |
|---|---|
| Menningarráð 2020 | Menningarmál |
| Straumar | Menningarmál |
| Þjóðleikur á Vestfjörðum | Menningarmál |
| Fundir með sveitarfélögum | Menningarmál |
| Samstarf menningarfulltrúa | Menningarmál |
| Samstarf safna á Vestfjörðum | Menningarmál |

Ljósblá verkefni heyra beint undir samning Vestfjarðastofu /Fjórðungssambands Vestfirðinga við Byggðastofnun en græn verkefni eru fjármögnuð með öðrum hætti t.d. með fjármunum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélag, úr Sóknaráætlun Vestfjarða, Ferðamálastofu eða öðru. Nokkur verkefni eru þess eðlis að útlagður kostnaður er fjármagnaður af öðrum en vinna telst til atvinnuþróunar. Þau verkefni eru merkt grænblá:

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla



## FJÓRÐUNGSÞING OG ÁRSFUNDIR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Að halda ársfund Vestfjarðastofu 2020
- Að halda Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori 2020 (29. apríl 2020)
- Að halda Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 2020 (ATH?)

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundir og þing haldnir
- Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á ráðuneyti eftir efni máls

## REKSTUR SKRIFSTOFU FV

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Stjórnarfundir, undirbúningur málefna og úrvinnsla málefna frá fundunum.
- Tengist undirbúningi Fjórðungsþings og Haustþings.
- Undirbúa og sækja Landsþing sveitarfélaga, Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Hér er vettvangur sem ætlast er til að formenn og framkvæmdastjórar LHSS sæki.
- Rekstrarmál, samskipti við sveitarfélög, Jöfnunarsjóð.

**Árangursmælikvarðar**:

- Viðhald tengslanets á sveitarstjórnarstigi.
- Viðhald og ný þekking sótt á samstarfsvettvang sveitarfélaga Eftirfylgni málefna gagnvart þingmönnum NV kjördæmis.
- Endurskoðun samþykkta FV verði lokið.

## SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTANEFND

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samgöngu og fjarskiptanefnd er stjórn FV til ráðgjafar um samgöngu og fjarskiptamál.
- Nefndin skilar umsögnum um þingsályktanir um samgöngu og fjarskiptamál og matsáætlanir framkvæmda og leitar eftir afstöðu sveitarfélaga.
- Nefndin fylgir verkefnum eftir með reglulegum fundum með samgöngustofnunum til að ræða stöðu og tímasetningar framkvæmda einstakra verkefna.
- Nefndin er einnig til ráðgjafar um framkvæmd almenningssamgana.
- Unnin verður umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2034.
- Nefndin hefur í tvígang unnið Samgönguáætlun Vestfjarða og nefndin hefur lagt til við stjórn FV að unnin verði ný áætlun á árinu 2020

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundað með samgöngustofnunum.
- Umsögn um umhverfismat framkvæmda um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg
- Umsögn um samgönguáætlun 2019-2034
- Fylgjast með vinnu vegna þjóðvegs 60
- Niðurgreiðslu flugfargjalda verði komið á
- Umsögn til Vegagerðarinnar um skipulag almenningssamgangna á Vestfjörðum

Vestfjarðastofa

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla

## SAMSKIPTI VIÐ ALÞINGI OG RÁÐUNEYTI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir frá Alþingi og eftir tilvikum fundir með nefndum Alþingis.
- Umsagnir á samráðsgátt stjórnarráðsins varðandi drög að frumvörpum og reglugerðum frá ráðuneytum og eftir tilvikum fundir með ráðuneytum.
- Aðrir fundir meðal ráðuneyta og þingflokka á Alþingi til að kynna stefnuviðmið, verkefni og forgangsröðun verkefna á vegum Vestfjarðastofu og sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- Föst verkefni; árlega fjárlög og ríkisfjármálaáætlun, tveggja til þriggja ára fresti samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun.
- Söfnun upplýsinga og viðhald á gagnasafna um þróun efnahags og byggðþróunar á Vestfjörðum

**Árangursmælikvarðar:**

- Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir
- Bætt tengslanet þingmanna (meira en NV kjördæmis) og í ráðuneytum
- Tengsl við skrifstofustjóra málaflokka innan ráðuneyta
- Upplýsingar inn í áætlanir á Vestfjörðum

## SAMRÁÐSVETTVANGUR SVEITARFÉLAGA Á VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Ekki eiga öll sveitarfélög aðild að stjórn FV og því er í samþykktum FV ákvæði um samráðsvettvang sveitarfélaga, sem í sitja starfandi oddvitar og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.
- Markmið samráðsvettvangsins er að bæta og auka samskipti stjórnar FV við öll sveitarfélög innan FV og fá umræðu um framkvæmd og stefnu verkefna FV.
- Nýjar samþykktir FV eiga einnig að auka beina aðild sveitarstjórnarfulltrúa að Fjórðungsþingum.
- Settur hefur verið á laggirnar Facebook hópur sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum.

**Árangursmælikvarðar:**

- Fundir annan hvern mánuð, að mestu rafrænt.
- Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna
- Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og breytingar á samþykktum FV
- Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og ábendingar um starfsemi Vestfjarðastofu

## TENGSL VIÐ LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Efling sveitarstjórnarstigsins með samstarfi sveitarfélaga innan Vestfjarða og við aðra landshluta.
- Eiga frumkvæði að nýjum verkefnum og eða þróun núverandi verkefna á vettvangi landshlutasamtaka og með Sambandi íslenskra sveitarfélaga, t.d. auka umfang núverandi verkefna mælt í fjármagni og störfum.
- Samráðsfundir, í aðdraganda Landsþings sveitarfélaga, Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sumarfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka /atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar

**Árangursmælikvarðar:**

- Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka.
- Minnisblöð frá samráðsfundum.

** Verkefnið tilheyrir einnig Atvinnuþróun (Endurmenntun og samstarf)



Vestfjarðastofa

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla




## STARFSMANNAMÁL VESTFJARÐASTOFU

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Í samrunaáætlun Vestfjarðastofu var lögð rík áhersla á að tryggja vellíðan starfsmanna og að unnið skuli að verkefnum sem byggja undir sameiginleg gildi, skýra verkaskiptingu og samræmd vinnubrögð.

- Á árinu 2020 verði lokið vinnu við mannauðsstefnu Vestfjarðastofu og starfsmannahandbók. Mannauðsstefna feli í sér jafnlaunastefnu og tekin verði skref að jafnlaunavottun sem ljúki á árinu 2021.
- Farið verði í kynnis- og árshátíðarferð starfsmanna erlendis
- Vikulegir starfsmannafundir
- Reglulegir teymisfundir
- Allir starfsmenn hittist á funda- og fræðsludegi 2x á ári.

**Árangursmælikvarðar**:

- Mannauðsstefna sem inniheldur m.a. jafnlaunastefnu
- Starfsmannahandbók fullgerð
- Kynnis- og árshátíðarferð farin
- Vikulegir starfsmannafundir haldnir
- Tveir funda- og fræðsludagar starfsfólks haldnir.

## VEFUR OG SAMFÉLAGS-MIÐLAR VFS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Mótun stefnu í notkun vefs og samfélagsmiðla
- Áframhaldandi mótun verklags vegna miðlunar á vef og samfélagsmiðla
- Tryggja reglulegar uppfærslur allra miðla þannig að á vef megi jafnan fylgjast með framvindu helstu verkefna og á samfélagsmiðlum megi fylgjast með viðburðum og fá upplýsingar.
- Starfsmenn Vestfjarðastofu tileikni sér notkun Workplace og setji tvær færslur á mánuði hver inn á WP

**Árangursmælikvarðar**:

- Stefna í notkun vefs og samfélagsmiðla birt
- Verklag innleitt
- Uppfærslur á vef
- Workplace notað

## VERKEFNISSTJÓRN - SHAREPOINT OG TEAMS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Starfsmenn nái tökum á vistun og miðlun gagna með Sharepoint
- Haldið verði námskeið fyrir starfsmenn í notkun Teams
- Stjórn allra verkefna Vestfjarðastofu verði unnin á Teams eftir árið 2020 og þannig náist mikilvæg yfirsýn, vistun og miðlun upplýsinga vegna verkefna.

**Árangursmælikvarðar**:

- Námskeið í notkun Teams verði haldið
- Gert verði mat við lok árs 2020 á notkun Teams

## **GRÆNU SKREFIN

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Unnið verði áfram að innleiðingu Grænna skrefa á starfsstöðvum Vestfjarðastofu
- Stjórnendur og starfsfólk Vestfjarðastofu fer í Grænu skref sveitarfélaganna til aukinnar umhverfisvitundar.
- Keypt verði rafmagnshjól eða rafskutla og starfsmenn hvattir til að nota það í styttri ferðum.

**Árangursmælikvarðar**:

- Við lok árs 2020 skal grænum skrefum 2 og 3 (af 4) vera lokið á öllum starfsstöðvum.

Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstur skrifstofu FV | | x | | | | x | |
| Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga | | x | | | | x | |
| Rekstur þróunarseturs / Vestrahúss | | x | | | x | x | |
| Fjórðungsþing og ársfundir | x | x | | x | x | x | |
| Samskipti við Alþingi og ráðuneyti | | | | | x | x | |
| Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum | | x | | | | x | |
| Samgöngu- og fjarskiptanefnd | | | | | x | x | |
| Starfsmannastefna Vestfjarðastofu | | x | | | | | |
| Vefur og samfélagsmiðlar Vestfjarðastofu | x | x | x | x | x | x | x |
| Miðlun upplýsinga um starfsemi Vestfjarðastofu | x | x | x | x | x | x | x |
| Sharepoint og Teams | | x | | | | | |
| Grænu skrefin | | x | | | | | |

Vestfjarðastofa

# 2. Sóknaráætlun Vestfjarða

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

## KYNNING SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar sett á vefmiðla a.m.k einu sinni í mánuði.
- Kynning á framgangi verkefna sem hafa hlotið styrki a.m.k einu sinni í mánuði.
- Upplýsingasíða fyrir áhersluverkefni á vefi Vestfjarðastofu.

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi færslna á vefi og samfélagsmiðla
- Virkni upplýsingasíðu fyrir áhersluverkefni

## ÁHERSLUVEREKFNI SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Auglýst eftir tillögum að áhersluverkefnum á vefmiðlum Vestfjarðastofu.
- Tillögur metnar af starfshópi og forgangsraðað eftir tengingu við markmið og áherslur Sóknaráætlunar
- Farið yfir hugmyndir sem hafa komið fram með samráðsvettvangi.
- Hugmyndir unnar á faglegan hátt og bornar fyrir stjórn.
- Kynning á verkefnum sem valin eru sem áhersluverkefni.
- Eftirfylgni með útvistuðum verkefnum.
- Samningagerð við framkvæmdaaðila áhersluverkefna
- Yfirferð lokaskýrsla og greiðslur samkvæmt samningi

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi og gæði tillagna um áhersluverkefni
- Fjöldi áhersluverkefna
- Áhrif verkefna á markmið Sóknaráætlunar
- Samskipti við framkvæmdaaðila
- Verkefnum lokið

## SAMRÁÐSVETTVANGUR SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Senda út beiðni til sveitarfélaga um skipan í Samráðsvettvang
- Senda erindisbréf til skipaðra fulltrúa í Samráðsvettvangi
- Samskipti á Betra Ísland
- Fjarfundir með fulltrúum Samráðs-vettvangs a.m.k 3 sinnum á ári.
- Kynning á niðurstöðum Samráðsvettvangs með stjórn Sóknaráætlunar.

**Árangursmælikvarðar:**

- Virkni fulltrúa á samskiptavettvangnum Betra Ísland
- Mæting á fundi samráðsvettvangs

Vestfjarðastofa

# 2. Sóknaráætlun Vestfjarða

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

## UMSÓKNIR OG ÚTHLUTUN ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Unnið að reglum og áherslum ársins varðandi úthlutun
- Unnið að bæklingi sem dreift er í öll hús á Vestfjörðum
- Auglýsingar á samfélags-og svæðismiðla varðandi umsóknarfrest og reglur Uppbyggingarsjóðs.
- Aðstoð við umsóknir og ráðgjöf.
- Gögnum og umsóknum komið til Úthlutunarnefndar
- Fundir með Úthlutunarnefnd
- Fundað með Stjórn
- Úthlutun kynnt - úthlutunarhátíð

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi umsókna
- Fjöldi veittra styrkja

## SAMSKIPTI OG GREIÐSLUR ÚR UPPBYGGINGASJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Samningagerð og samskipti við verkefnastjóra sem styrktra verkefna.
- Yfirferð skýrslna og greiðslur.
- Könnun send árlega til styrkhafa
- Uppgjör og yfirferð bókhalds vegna greiðslna úr Uppbyggingarsjóði

**Árangursmælikvarðar:**

- Niðurstöður árlegrar könnunar
- Fjöldi lokinna verkefna

## KYNNING Á UPPBYGGINGARSJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fjölga umsóknum um stærri og umfangsmeiri styrki í Uppbyggingasjóð Vestfjarða.
- Fara árlega yfir reglur og áherslur uppbyggingarsjóðs með starfsfólki.
- Námskeið um gerð styrkumsókna og fræðsla um sjóði fyrir starfsfólk.
- Upplýsingar á vefmiðlum um á þá styrki sem eru í boði.

**Árangursmælikvarðar:**

- A.m.k 4 kynningarfundir á ári varðandi Uppbyggingarsjóð.
- Opið námskeið um gerð styrkumsókna.
- 1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða.

## NÝJIR STARFSHÆTTIR VIÐ ÚTHLUTUN

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Mótun verklagsreglna fyrir fagráð Uppbyggingarsjóðs.
- Verklagsreglur bornar undir stjórn.
- Skipun í fagráð Uppbyggingarsjóðs.
- Fundir með fagráði

**Árangursmælikvarðar:**

- Skilgreining árangursmælikvarða
- Fagráð skipuð

Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kynning Sóknaráætlunar | | x | x | x | | x | |
| Áhersluverkefni Sóknaráætlunar | x | x | x | x | x | x | x |
| Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar | x | | | | | x | |
| Umsóknir og úthlutanir úr uppbyggingarsjóði | x | | x | x | | x | x |
| Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði | | | x | x | | | |
| Kynning á Uppbyggingarsjóði | x | | x | x | | x | x |
| Nýtt verklag við úthlutun | | x | | | x | x | |

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun



## SAMSTARF VESTFJARÐASTOFU OG ATVINNULÍFS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Gengið verður frá stofnun heildarsamtaka atvinnurekenda á Vestfjörðum
- Fundað reglulega með samtökum atvinnurekenda á Vestfjörðum
- Heimsóknir í fyrirtæki
- Boðað reglulega til opinna funda með frumkvöðlum og atvinnurekendum á Vestfjörðum
- Málefnahópar Vestfjarðastofu endurskilgeindir og virkjaðir
- Kynningarverkefnið „Fyrirtæki á Vestfjörðum" með spennandi nálgun.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundað verði a.m.k. 2 sinnum með með hverju félagi atvinnurekenda á Vestfjörðum
- Sameiginlegur árlegur fundur samtaka atvinnurekenda á Vestfjörðum
- Fyrirtækjaheimsóknir í 40-50 fyrirtæki á svæðinu
- Minnst 4 opnir fundir á hverju svæði á ári
- Málefnahópar virkjaðir
- Gallup könnun frá des 2019 um viðhorf til Vestfjarða endurtekin í lok kynningarherferðar „Fyrirtæki á Vestfjörðum til samanburðar

## *NÝSKÖPUNAR- OG SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki verði unnið áfram að því að styrkja rekstrargrundvöll nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva með að markmiði að í hverjum byggðakjarna á Vestfjörðum verði starfrækt miðstöð í einhverju formi.
- Sótt verði um inn í C1 verkefni Byggðaáætlunar og fjármunir nýttir til að styrkja starfsemi miðstöðva sem þegar eru starfandi.
- Verkefni ársins 2020 byggja á niðurstöðum greiningar sem unnin hefur verið á árinu 2019 en megináhersla verður lögð á atvinnuþróun í tengslum við miðstöðvarnar bæði hvað varðar opinber störf og frumkvöðlastarf.

**Árangursmælikvarðar**:

- Yfirlit yfir Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum á vef Vestfjarðastofu.
- Umsókn inn í C1 - Byggðaáætlun
- Mat á nýtingu, áhrifum og árangri af nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvum á Vestfjörðum
- Að minnsta kosti eitt sameiginlegt verkefni miðstöðvanna á ári.
- Ein sameiginleg styrkumsókn í erlenda sjóði.

## *VESTFIRÐINGAR - ALMANNATENGSL

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Til að auka slagkraft og samhæfa aðgerðir til kynningar á Vestfjörðum, einkum varðandi atvinnulíf og fjárfestingakosti.
- Ráðgjafi aðstoðar fyrirtæki við að móta "sögurnar" & veitir ráðgjöf varðandi efni fyrir vef og samfélagsmiðla.
- Verkefnið er unnið í nánu samstarfi fyrir fyrirtæki á svæðinu og er hluti af aukinni samvinnu við þau.

**Árangursmælikvarðar**:

- Niðurstöður spurninga úr spurningavagni Gallup
- Birtingar á sögum fyrirtækja undir yfirskriftinni „Vestfirðingar" á vef Vestfjarðastofu og fleiri miðlum
- Sendar fréttatilkynningar
- Fjöldi fyrirtækja sem tekur þátt í verkefnin.

* Verkefnið tilheyrir einnig Byggðaþróun

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun



## WESTFJORDS FOOD

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Fjölbreyttar aðgerðir til stuðnings matvælaframleiðendum á Vestfjörðum og unnið að framleiðslu undir sameiginlegu merki.
- Þekkingaruppbygging meðal matvælaframleiðenda í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða á sviði framleiðslu og markaðssetningar
- Skoðuð og stutt við tækfæri til aukinnar vinnslu og mögulega slátrun á Ströndum og Barðaströnd.
- Hvatning til aukins samtarfs matvælaframleiðenda og til sölu á afurðum í nærumhverfi
- Unnið að gerð sameiginlegs merkis matvælaframleiðenda

**Árangursmælikvarðar**:

- Sameiginlegt merki vestfirskra matvælaframleiðenda
- Aukin vitund um matvæli frá Vestfjörðum
- Kynning á höfuðborgarsvæðinu á Vestfirskri matvælaframleiðslu
- Vinna við nýsköpunarsetur á sviði matvælaframleiðslu í Bolungarvík

## ÞARI OG ÞÖRUNGAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Aðstoð við þörungaræktun og nýtingu, eflingu tengslanets og Evrópusamstarf
- Hagsmunagæsla – leyfismál vegna þararæktar

**Árangursmælikvarðar**:

- Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður.
- Skipuleggja fræðsluferð til Danmerkur um nýtingu þörunga.
- Koma á samstarfsvettvangi – Evrópuumsókn 2020-2021
- Stöðuskýrsla vegna nýtingar þara- og þörunga á Vestfjörðum 2020

## HAGNÝTING TÆKNI Í FYRIRTÆKJUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um námskeið fyrir eigendur staðbundinna fyrirtækja til að auka notkun stafrænnar tækni og hvetja til aukinnar sölu um netið.
- Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður haldið námskeiðið Stafrænt forskot á suðusvæði Vestfjarða vorið 2020.
- Gerð verður greining á stafrænum þörfum og stöðu fyrirtækja á Vestfjörðum í verslun og þjónustu og framleiðslugreinum.
- Þátttaka í verkefni SSNV Digi-to-market
- Námskeið í hagnýtingu tækni fyrir fyrirtæki.

**Árangursmælikvarðar**:

- Greining á stafrænum þörfum og stöðu fyrirtækja
- Stafrænt forskot á suðursvæði Vestfjarða
- Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fyrirtækja í verslun og þjónustu og eitt í framleiðslugreinum sem lýtur að eflingu stafrænnar stöðu og/eða vöruþróun.

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun



## SJÁVARÚTVEGS- OG FISKELDISKLASAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samstarf við klasa á sviði sjávarútvegs og fiskeldis á Vestfjörðum
- Áhersla verður lögð á mótun verkefna sem Vestfjarðastofa getur stutt við með vinnuframlagi og sameiginlegra verkefna sem stuðlað geta að framþróun atvinnulífs á Vestfjörðum.
- Samstarf við fiskeldisklasa um framtíðarsýn í fiskeldi

**Árangursmælikvarðar**:

- Tvö eða fleiri samstarfsverkefni við hvorn klasa sett af stað á árinu 2020
- Greining fjárfestingatækifæra á sviði sjávarútvegs og fiskeldis verði unnin á árinu
- 

## SJÁVARÚTVEGSKLASI VFJ NÝSKÖPUNARKEPPNI OG STYRKIR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Sjávarútvegsklasi Vestfjarða heldur Nýsköpunarkeppni vorið 2020 í samstarfi við Vestfjarðastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Einnig verða tvö verkefni mastersnema styrkt.
- Um er að ræða nýsköpunarsamkeppni á sviði sjávarútvegs með miklum stuðningi og aðstoð sjávarútvegsfyrirtækjanna og samstarfsaðila.

**Árangursmælikvarðar**:

- Áætlun um framkvæmd verkefnisins tilbúin í lok janúar 2020.
- Sjávarútvegsklasinn styrkir 2 verkefni mastersnema 2020.
- Nýsköpunarkeppni auglýst í janúar, mat umsókna lokið í febrúar, 2. verkefni valin til áframhaldandi þróunar.
- Áætluð lok verkefnis vor 2021.

## FRAMTÍÐARSÝN Í FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum, samstarf við fyrirtæki og sveitarfélög um að móta sameiginlega sýn um uppbyggingu fiskeldis á svæðinu, uppbyggingu innviða og aðgerða fyrirtækja og sveitarfélaga.
- Árið 2019 fór að mestu í vinnu við hagsmunagæslu í fiskeldi vegna setningar nýrra laga og vegna óvissu um framvindu fiskeldismála var mat Vestfjarðastofu að vinna við framtíðarsýn væri ótímabær.
- Verkefnið færist því til ársins 2020.

**Árangursmælikvarðar**:

- Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður.
- Fundir með sveitarfélögum.
- Fundir með fulltrúum fiskeldisfyrirtækja.
- Verkefnismarkmiðum lokið skv. verkáætlun

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun




## BETRI OG FLEIRI UMSÓKNIR FRÁ VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fjölga umsóknum fyrirtækja og sveitarfélaga á Vestfjörðum í innlenda sjóði svo sem Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, Rannís og AVS. Fjölga umsóknum um stærri og umfangsmeiri umsóknum í Uppbyggingasjóð Vestfjarða.
- Fara árlega yfir reglur og áherslur uppbyggingarsjóðs með starfsfólki.
- Námskeið um gerð styrkumsókna og fræðsla um sjóði fyrir starfsfólk.
- Kynna betur á síðu Vestfjarðastofu á fb þá styrki sem verið er að auglýsa.

**Árangursmælikvarðar:**

- Haldnir 2-4 kynningarfundir
- Námskeið um gerð styrkumsókna
- 1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða.
- 5-6 verkefni fái brautargengi í öðrum sjóðum en Uppbyggingasjóði.

## NÝSKÖPUNARGREININGAR FYRIRTÆKJA

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fyrirtækjum á Vestfjörðum verði boðið að fá greiningu á nýsköpunargetu sinni og stöðu.
- Verkefnið verður unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Verkefnið verði hluti af samstarfsverkefnum með klösum.

**Árangursmælikvarðar:**

- Greiningum verði lokið 10 fyrirtækjum á árinu 2020

## FYRIRTÆKJAKÖNNUN

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Vestfjarðastofa tekur ásamt fleiri landshlutum þátt í gerð fyrirtækjakönnunar sem unnin er af SSV.
- Fyrsti hluti var sendur út í lok árs 2018 og niðurstöður voru kynntar vorið 2019
- Annar hluti könnunar var sendur út í nóvember 2019 og verða niðurstöður kynntar vorið 2020.
- Niðurstöður 2020 verði kynntar á opnum fundum og með gerð myndbands sem dreift verður á vef og samfélagsmiðlum.

**Árangursmælikvarðar:**

- Niðurstöður fyrirtækjakönnunar kynntar á fundum
- Myndband með helstu niðurstöðum unnið
- Niðurstöður birtar á vef Vestfjarðastofu ásamt myndbandi.

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun



## NÁMSKEIÐ FYRIR FRUMKVÖÐLA

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Stutt örnámskeið fyrir einstaklinga sem hafa hug á að fara í atvinnurekstur. Blanda af stað- og fjarnámskeiðum.
- Ráðgjöf til styrkþega Uppbyggingarsjóðs eftir úthlutun
- Miðað að því að kenna grunnatriði í gerð viðskiptaáætlana, gerð styrkumsókna, gerð fjárhagsáætlana o.s.frv.
- Stofna Facebook hóp ætlaðan frumkvöðlum á Vestfjörðum til stuðnings og til að eiga samtal sín á milli

**Árangursmælikvarðar:**

- 3 örnámskeið á hverjum stað með 3-5 þátttakendum í hvert sinn
- Námskeið haldið fyrir fyrirtæki sem fá stuðning úr Uppbyggingarsjóði
- Virkur Facebook hópur "Frumkvöðlar á Vestfjörðum"

## RÁÐGJÖF TIL FYRIRTÆKJA OG FRUMKVÖÐLA

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Aðstoð við mótun viðskiptahugmynda
- Yfirlestur viðskiptaáætlana
- Leiðbeiningar varðandi leyfismál
- Myndun tengslanets

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi heimsókna og viðtala

## ATVINNUÞRÓUN Í SAMSTARFI VIÐ SVEITARFÉLÖG

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Aðkoma og aðstoð við stefnumótun
- Fundir með sveitastjórnum og/eða atvinnumálanefndum
- Sértækir stuðningur og ráðgjöf
- Hagsmunagæsla vegna atvinnumála

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi funda með sveitarstjórnum og/eða atvinnumálanefndum
- Fjöldi samstarfsverkefna með sveitarfélögum

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun



## INNVIÐAGREINING VESTFJARÐA

### Verkefnið og aðgerðir ársins:

- Áframhaldandi vinna við uppfærslu innviðagreiningar Vestfjarða, en jafnframt horft til þeirrar þjónustu sem er á staðnum sem og náttúruauðlinda.
- Vinna við innviðagreiningu tengd vinnu við svæðisskipulag og fjárfestingaverkefni. Samstarf við Reboot Hack – Hakkaþon háskólanema um framsetningu á upplýsingum.

### Árangursmælikvarðar:

- Verkefnisteymi Vestfjarðastofu fundar 2x í mánuði
- Stýrihópur verkefnisins fundar 1x í mánuði
- Afurð úr hakkaþoni (Reboot Hack)
- Innviðagreining birt vor 2020
- Kynning á innviðagreiningu vor 2020

## FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI Á VESTFJÖRÐUM

### Verkefnið og aðgerðir ársins:

Á grunni innviðagreiningar verður nýtt verkefni mótað sem miðar að því að móta og kynna fjárfestingakosti á Vestfjörðum.

- Mótun verkefnis
- Val fjárfestingakosta sem áhersla verður lögð á að kynna
- Myndun tengslanets
- Samstarf við Íslandsstofu
- Ferðir á fundi og ráðstefnur

### Árangursmælikvarðar:

- Valdir verði 3-5 fjárfestingakostir til frekari úrvinnslu og kynningar
- Verkefni mótað til þriggja ára

Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aukin samvinna Vestfjarðastofu og atvinnulífs á Vestfjörðum | | | x | x | | | x |
| Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar | x | | x | x | x | x | |
| Vestfirðingar – almannatengsl | x | | x | x | x | x | x |
| Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum | x | | | x | x | x | |
| Fjölga umsóknum frá Vestfjörðum í innlenda sjóði | | | x | x | | x | |
| Innviðagreining Vestfjarða | | | | x | x | x | x |
| Hagnýting tækni í þágu staðbundinna fyrirtækja | | | x | x | | x | |
| Westfjords Food | x | | x | x | x | | x |
| Nýsköpunargreiningar fyrirtækja (GAF & AA) | | | | x | x | | |
| Þari og þörungar | | | x | x | x | | x |
| Sjávarútvegsklasi Vestfjarða - Nýsköpunarkeppni og styrkir | | | x | x | | | x |
| Námskeið fyrir frumkvöðla | | | x | | | | |
| Fyrirtækjakönnun | | | | x | x | x | |
| Ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja | | | x | x | | | |
| Atvinnuþróun í samstarfi við sveitarfélög | | | x | x | | x | |

# 4. Byggðaþróun

## SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Á VESTFJÖRÐUM (SVÆÐISSKIPULAG FYRIR VESTFIRÐI)

**Verkefnið**:

Umbylting er að verða í samgöngu, fjarskipta og væntanlega í flutningsmálum raforku á Vestfjörðum. Nýjar atvinnugreinar, fiskeldi, ferðaþjónusta vaxa nú hratt auk væntanlegrar uppbyggingar orkuvera. Umhverfisvottun sveitarfélaga á Vestfjörðum er viðhaldið og markvisst stefnt að hækkun viðmiða.

Vöxtur í atvinnulífi og spá um frekari vöxt gefur væntingar um fjölgun íbúa a.m.k. 2500 manns fram til ársins 2030. Á hinn bóginn hefur komið fram í íbúaspá Byggðastofnunar 2019 - 2062 sem spáir stöðnun eða fækkun íbúa á sama tíma með vísan til aldurssamsetningar, kynjahlutfalls og fólksflutninga. Jafnframt þarf að horfa til tækifæra og ógnana 4. iðnbyltingarinnar á samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum.

Vestfirskar sveitarstjórnir vinna nú þegar að því að mæta þessum áskorunum, en þeirri spurningu hefur ekki verið svarað, hvort ætlun þeirra sé að vinna hvert og eitt fyrir sig eða í samstarfi.

4. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur til aukins samstarfs sveitarfélaga án þess að tilgreina ákveðnar leiðir að því marki. Þingið lýsir hinsvegar yfir andstöðu við lögþvingaðar aðgerðir og beinum afskiptum Fjórðungssambands Vestfirðinga .

Stjórnvöld og Alþingi hvetja til aukins samstarfs sveitarfélaga og samvinnu um hagsmunamál; Byggðaáætlun 2018-2023 hvetur sveitarfélög til samstarfs um gerð svæðisskiplags til að marka sameiginlega stefnu um sameiginleg hagsmunamál. Þingsláyktun um stefnumörkun stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga tilgreinir aðgerðir um aukið samstarf, m.a. lögþvingaðar sameiningar.

Svæðisskipulag er lögformleg aðferð við mótun stefnu í atvinnu og samfélagsmálum. Skipulagsvinnan er unnin undir stjórn sjálfstæðar nefndar á grunvelli fjármagns frá sveitarfélögum og Skipulagssjóði.

Unnið var að undirbúningi svæðisskipulags sjö sveitarfélaga á Vestfjörðum á árunum 2016-2017. Unnin var greinargerð og á grundvelli hennar samþykktu sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga skipan svæðisskipulagsnefndar. Vinna nefndarinnar náðist hinsvegar ekki í gang af ýmsum ástæðum.

Telja verður mikilvægt markmið að kannað sé til hlýtar um áhuga sveitarfélaga á Vestfjörðum fyrir auknu samstarfi. Sé áhugi til staðar er það næsta markmið að koma á formlegu samstarfi. Telja má að vísa megi til fyrri vinnu, að svæðisskipulag sé fyrsti valkostur til að taka til skoðunar áður en aðrar leiðir verði ræddar.

**Aðgerðir ársins**:

Tillaga um að kanna vilja sveitarfélaga um að hefja vinnu að svæðisskipulag fyrir Vestfirði verði rædd á fundi stjórnar Vestfjarðastofu. Stjórn getur samþykkt að beina erindinu beint til sveitarstjórna eða vísa til umræðu á fund samráðsvettvangs sveitarfélaga á Vestfjörðum.



**Árangursmælikvarðar**:

Tillögur um samstarf sveitarfélaga komi til umræðu.

Tillaga um Svæðisskipulag Vestfjarða tekin upp að nýju og afgreidd.

Verkefnið tengist öðrum verkefnum Vestfjarðastofu s.s. Vestfirðir 2035, innviðagreiningu, orkutengdum verkefnum, áfangastaðaáætlun, Samgönguáætlun Vestfjarða o.fl.)

Vestfjarðastofa

# 4. Byggðaþróun



## BYGGÐAÁÆTLUN

### Verkefnið og aðgerðir ársins:

Að fylgja eftir aðgerðum í Byggðaáætlun og gæta að tímasetningu þeirra m.a. umsóknarfresti í verkefnafjármagn. Gert er að tillögu að móta sértæk verkefni á grundvelli eftirfarandi verkefna Byggðaáætlunar;
A.15. Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum. Samþætta vinnu að orkutengdum verkefnum.
B.7, B.8, B.9. Efling og fjölgun stöðugilda í opinberri starfsemi utan höfuðborgarsvæðis, áhersla á rannsóknir og þjónustu við fiskeldi og sjávarútvegi og á nýsköpunarstarfsemi.
C1. Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.

- Nýta yfirlit VFS um aðgerðir í Byggðaáætlun og tímasetningu gagnvart verkefnum VFS og upplýsa samstarfsaðila um hið sama.
- Mótuð verði verkáætlun á grunni A15 verkefnis og styrkumsóknar VFS og samstarfsaðila, til Rannís frá janúar 2019.
- Fundað með stofnunum og ráðuneytum um tillögur til að efla starfsemi á Vestfjörðum. Móta tillögu til fjármálaáætlunar 2021-2025.

### Árangursmælikvarðar:

- Umsóknir fari frá Vestfjörðum í hverja þá aðgerð Byggðaáætlun auglýsir á árinu 2020.
- Fjöldi stöðugilda, hækkun framlaga til stofnana og varin störf.
- Tilkynningar til samstarfsaðila um verkefni
- Mótun orkuverkefnis.

## SAMGÖNGUÁÆTLUN VESTFJARÐA

### Verkefnið:

Unnin verði ný samgönguáætlun fyrir Vestfirði, til að svara nýjum viðmiðum samgöngumannvirkja sem uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu kalla á. Auk krafna samfélaga um aukið öryggi og óhindrað flæði umferðar árið um kring.

FV stóð að gerð Samgönguáætlun Vestfjarða 1997 og endurskoðun 2005. Markmið áætlunarinnar var tengingar innan samgöngsvæða á Vestfjörðum, tengningar milli samgöngusvæða á Vestfjörðum og tengingar við aðra landshluta. Samgönguáætlun 2018-2033 tryggir að þessi markmið náist fyrir árið 2028.

4. Haustþing FV samþykkti ítarlega ályktun um helstu samgönguverkefni á Vestfjörðum og um gerð heildarstefnu í jarðgangaverkefnum á Vestfjörðum. Þar er gerð krafa um ný viðmið í uppbyggingu samgöngumarkmiða. Samgönguáætlun 2018-2033 mun ekki svara þessum nýju viðmiðunum né drög að nýrri samgönguáætlun 2019-2034. Vestfirsk sveitarfélög þurfa því að móta að nýju samgönguáætlun fyrir Vestfirði.

### Árangursmælikvarðar:

- Samgönguáætlun Vestfjarða verði lögð fyrir Fjórðungsþing að vori

Vestfjarðastofa

# 4. Byggðaþróun

## BROTHÆTTAR BYGGÐIR ÁRNESHREPPI

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Umsjón með verkefnum tengdum brothættum byggðum í Árneshreppi, Áfram Árneshreppi.

Unnið verður áfram að verkefninu á árinu 2020 sem er 3. starfsár.

- Íbúafundur
- úthlutun styrkja
- unnið áfram samkvæmt markmiðasetningu.

**Árangursmælikvarðar**:

- Framvinduskýrslur verkefna

## BROTHÆTTAR BYGGÐIR DÝRAFIRÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Umsjón með verkefnum tengdum brothættum byggðum í Dýrafirði – Öll vötn til Dýrafjarðar.

Unnið verður áfram að verkefninu á árinu 2020 sem er 2. starfsár

- Íbúafundur
- úthlutun styrkja,
- unnið áfram samkvæmt markmiðasetningu.
- Þrjú atvinnuþróunar / fjárfestingarverkefni eru komin á rekspöl. Vinna þarf þétt með sveitarfélaginu m.a. í endurskoðun aðalskipulags.
- Verkefni er tengjast þjónustu s.s. Blábanka og menningarverkefni.

**Árangursmælikvarðar**:

- Framvinduskýrslur verkefna

## BROTHÆTTAR BYGGÐIR STRANDABYGGÐ

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Strandabyggð hefur nýlega verið samþykkt inn í Brothættar byggðir hjá Byggðastofunun.

Samið verður við Vestfjarðastofu um verkefnisstjórn.

Skoða þarf hvort og hvernig eigi að samþætta við þau verkefni sem fyrir eru og mögulega verður hægt að samþætta við verkefni með sveitarfélaginu.

**Árangursmælikvarðar**:

- Framvinduskýrslur verkefna




Vestfjarðastofa

# 4. Byggðaþróun

## VESTFIRÐIR 2035 – KYNNING Á SVIÐSMYNDUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Skýrslan Vestfirðir 2035 var birt í maí 2019.

Kynning:

- Opnir fundir á öllum svæðum þar sem sviðsmyndir eru kynntar og ræddar
- Fundir með sveitarfélögum, áhersla á nýtingu sviðsmynda við vinnu við fjárhagsáætlanagerð og skipulagsvinnu.
- Ráðgjafi KPMG verður fenginn með í þessa vinnu.

**Árangursmælikvarðar**:

- Mæting á kynningarfundi
- Þátttaka sveitarfélaga
- Notkun sveitarfélaga á sviðsmyndum

## ORKUTENGD VERKEFNI

**Verkefnið**:

4. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur stjórnvöld til að hefja mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland, en stefnuleysi standi Vestfjörðum fyrir þrifum. FV/Atvest unnu að orkutengdum verkefnum sem VFS hefur nú tekið yfir fyrir hönd FV, unnið er á þrem þáttum.

**Hagsmunagæsla;** eftirfylgni og tengsl milli notenda, afhendingar og framleiðenda orku m.a. staðsetning tengipunkts vegna uppbyggingar Hvalárvirkjunar og fleiri virkjana s.s. vindorkuvers í Garpsdal. Umsagnir um Kerfisspá Landsnets

**Gagnaöflun og kynning.** Sett fram mat á þróun orkunotkunar, þróunar orkuframleiðslu og flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Stefnt að gögn verði sett fram í gagnavefsjá.

**Fjárfestingarverkefni.** Gagnanaöflun í orkumálum leggur grunn að möguleikum á fjárfestingartækifærum á Vestfjörðum tengdum orkufrekari starfsemi (> 1 MW).

**Aðgerðir ársins**:

- Sviðsstjóri og stjórnarmaður Vestfjarðastofu sitja í ráðgjafahóp Landsnets um tengipunkt í Ísafjarðardjúp. Tryggja að unnið sé markvisst í ráðgjafahópnum með tímasettri áætlun
- Nýta niðurstöðu af orkuspá fyrir Vestfirði til að setja fram í gagnavefsjá. (Tengist einnig verkefni VFS um innviðagreiningu)
- Endurvekja orkuklasa fyrirtækja og sveitarfélaga. Tengja við hugsanlegt Svæðisskipulag Vestfjarða.
- Efna til málþings um innviðamál á Vestfjörðum (tengja við 70 ára starfsemi FV)
- Gera samstarfssamning við Íslandsstofu og orkufyrirtæki um kynningu á fjárfestingatækifærum í orkufrekum verkefnum (> 1 MW)

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundir ráðgjafahóps Landsnets um uppbyggingu tengipunkts og flutningskerfis.
- Umsagnir um Kerfisáætlun Landsnets
- Kynning á niðurstöðu Orkuspár fyrir Vestfirði gagnvart opinberum aðilum
- Málþing um innviðamál í mars 2020.
- Samstarfssamningur við Íslandsstofu og orkufyrirtæki.




Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vestfirðir 2035 - kynning á sviðsmyndum framtíðarsýnar | x | | x | x | x | x | x |
| Orkutengd verkefni | x | | | x | x | x | x |
| Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum (Svæðisskipulag) | | | | | x | x | |
| Brothættar byggðir í Árneshreppi | x | | x | x | x | x | |
| Brothættar byggðir á Þingeyri | x | | x | x | x | x | |
| Brothættar byggðir í Strandabyggð | x | | x | x | x | x | |
| Byggðaáætlun | | | | x | x | x | |
| Samgönguáætlun Vestfjarða | x | | | x | x | x | |
| | | | | | | | |

Vestfjarðastofa

# 5. Menningarmál

## MENNINGARRÁÐ 2020

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Markmið verkefnisins er að stuðla að reglulegu samtali milli forstöðumanna menningarstofnana á Vestfjörðum.
- Aðgerðir ársins eru að móta umgjörð utan um samstarfið, að boða og stýra fundum menningarráðs og kynna verkefnið.

**Árangursmælikvarðar**:

- Reglulegt samtal milli forstöðumanna menningarstofnana.
- A.m.k eitt sameiginlegt verkefni á Vestfjarðavísu.

## FUNDIR MEÐ SVEITARFÉLÖGUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Kortlagning á stöðu menningarmála í sveitarfélögunum, aukið samtal og ráðgjöf
- Fundir með sveitarstjórnum og menningarfulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- Farið er yfir stöðu mála í hverju sveitarfélagi og greint hvernig efla má starfsemi menningarstofnana og menningarlíf almennt.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundir í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum
- Greinargerð um stöðu mála í hverju sveitarfélagi

## SAMSTARF MENNINGARFULLTRÚA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samstarf og samtal menningarfulltrúa landshlutanna er mikilvægur vettvangur til miðlunar á þekkingu og reynslu milli svæða.
- Haldnir eru árlegir fundir, annars vegar fundir sem rótera milli landshluta og hins vegar árlegir fundir með fulltrúum ráðuneyta á haustin.

**Árangursmælikvarðar**:

- Þátttaka í fundum menningarfulltrúa landshlutanna.
- Minnisblað sem dregur saman efni funda
- Samstarfsverkefni milli landshluta



Vestfjarðastofa

# 5. Menningarmál



## SAMSTARF SAFNA Á VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Markmið verkefnisins er að gera heildaryfirlit yfir söfn og setur á Vestfjörðum, greina möguleika til samstarfs og mögulegra sameininga, koma með tillögur til úrbóta.

- Nýta styrk sem fékkst í lok árs 2019 til að vinna greiningarvinnu og stuðla að auknu samstarfi safna og sýninga á Vestfjörðum.
- Kortleggja starfsemi safna og setra á Vestfjörðum, fjölda, staðsetningu og virkni þeirra.
- Unninn spurningalisti um starfsemi og eignarhald hverrar stofnunar, starfsmannahald og stöðuna í dag.
- Heimsóknir í öll söfn og setur í fjórðungnum og samtöl við stjórnendur til að greina stöðu hvers og eins safns.
- Viðræður við eigendur og/eða stjórn hvers safns til að fá fram skoðanir samstarfs- og sameiningarmöguleikum.
- Kortleggja möguleika á samvinnu og sameiningum milli ólíkra safna og setra.
- Afurð verkefnisins verður skýrsla sem greinir heildarmyndina og leggur til tillögur um breytingar.
- Tvær vinnuferðir um allt svæðið séu nauðsynlegar til fundahalda og gagnaöflunar.
  Haldinn verður sameiginlegur umræðufundur safnafólks á Vestfjörðum og fjarfundir í framhaldinu.

**Árangursmælikvarðar:**

- Skýrsla um niðurstöður vinnunnar og tillögur um breytingar.
- Heildarsýn yfir starfsemi safna og setra á Vestfjörðum.
- Mat á samstarfs- og sameiningarmöguleikum innan fjórðungsins.

## STRAUMAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Ungir listamenn sem eru í eða hafa nýlega lokið viðurkenndu listnámi eru hvattir til að koma aftur heim og flytja list sína fyrir heimamenn.

Efla tengsl listafólks við átthaga sína.

Auðga menningarlífið á Vestfjörðum.

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi listviðburða ungra listamanna af vestfirskum uppruna á Vestfjörðum

## ÞJÓÐLEIKUR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Undirbúningur Þjóðleiks 2021. Þjóðleikur er leiklistarverkefni ungs fólks sem unnið er í samstarfi við Þjóðleikhúsið annað hvert ár og miðar að því að efla leiklistarstarf ungs fólks í fjórðungnum.

**Árangursmælikvarðar:**

- Þátttaka í fundum menningarfulltrúa landshlutanna.
- Minnisblað sem dregur saman efni funda
- Samstarfsverkefni milli landshluta

Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menningarráð 2020 | | | x | x | | x | |
| Fundir með sveitarfélögum | | | | | | x | |
| Samstarf menningarfulltrúa | | x | | | x | x | |
| Samstarf safna á Vestfjörðum | | | | | x | x | |
| Straumar | x | | x | | | x | |
| Þjóðleikur | x | | x | | x | x | |
| | | | | | | | |

Vestfjarðastofa

# 6. Markaðsstofa



## SÝNINGAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Gert er ráð fyrir því að fara á tvær sýningar, Mid-Atlantic í janúar 2020 og VestNorden sem verður haldið á Reykjanesinu í október.

Jafnframt er verið að skoða í samstarfi við Íslandsstofu þátttöku á vinnustofu á einum af lykilmörkuðum Markaðsstofu Vestfjarða.

**Árangursmælikvarðar:**

- Sýnileiki Vestfjarða
- Þátttaka fyrirtækja af svæðinu í sýningum

## MANNAMÓT

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Mannamót verða haldin 16. janúar í Kórnum Kópavogi.
- Skipulag og undirbúningur verður með sama sniði og síðustu ár.
- Skipulag fyrir Mannamót fyrir 2021 hefst síðan í október.
- Helsti kostnaður og tími fellur því í janúar og í enda ársins.

**Árangursmælikvarðar:**

- Fjöldi fyrirtækja frá Vestfjörðum sem tekur þátt
- Blaðagreinar, birtingar og umfjöllun.

## BLAÐAMANNAFERÐIR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Unnið verður að því að fá til okkar fleiri hóp blaðamannaferðir í samstarfi við Íslandsstofu ásamt því að fá til okkar fjölmiðla á eigin vegum með áherslu ferðatímabilið utan háannar og markhópa sem henta okkar landssvæði og stefnu.

Gera má ráð fyrir að blaðamannaferðir og fréttatilkynningar seinni hluta árs tengist að miklu leyti Hringvegi 2 þegar það verkefni fer á fullt.

**Árangursmælikvarðar:**

- Umfjallanir í fjölmiðlum
- Fjöldi hóp-blaðamannaferða
- Fjöldi blaðamanna á eigin vegum

# 6. Markaðsstofa

## HRINGVEGUR 2

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Verkefni Hringvegs 2 og tvö önnur verkefni er voru fjármögnuð af Ferðamálastofu, þorpaverkefnið og vetrarpakkaverkefnið hafa nú verið sett saman í eitt heildstætt verkefni til að ná betri heildarmynd og árangri.

Aðalmarkmið þessara verkefna voru að dreifa ferðamönnum um svæðið, draga fram afþreyingu í þéttbýli og minna árstíðarsveiflu. Unnið er að sömu markmiðum innan verkefnis um ferðamannaleiðina Hringvegs 2.

Áfram verður unnið með Blue Sail að stefnumótun verkefnisins en einnig er gert ráð fyrir að semja við PR/auglýsingastofu til að koma að mörkun verkefnisins, nafngift og framsetningu.

Gert er ráð fyrir stórri sameiginlegri vinnustofu á vormánuðum 2020.

Stefnt er að opnun Dýrafjarðarganga í september 2020 og þá verður verkefnið, allavega að einhverju leyti, formlega opnað.

Vinna þarf að gera markaðsefnis, heimasíðu og kynningarefnis í tengslum við verkefnið.

Verkefnið tengist Westfjords food og unnin verður mörkunarvinna í tengslum við mat og veitingar á Hringvegi 2.

**Árangursmælikvarðar:**

- Þátttaka í vinnustofum
- Þátttaka í verkefninu
- Markaðsefni unnið
- Mörkunarvinna í tengslum við mat og veitingar
- Opnun Hringvegs 2 - ferðamannaleiðar

## ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Unnið verður að uppfærslu Áfangastaðaáætlunar og gert ráð fyrir að birta nýjar aðgerðaráætlanir seinnipart árs 2020.

Unnið er í samvinnu við sveitafélög, ferðaþjóna og aðra hagsmunaaðila.

Áætlað er að nota samráðsferli í gegnum samráðsgátt stjórnarráðsins.

Innleiðing og kynningarfasi verða unnin með samhliða uppfærslu áætlunarinnar.

**Árangursmælikvarðar:**

- Þátttaka í samráðsfundum
- Þátttaka í kynningarfundum
- Birting nýrra aðgerðaáætlana

## FERÐAMÁLASTEFNA VESTURBYGGÐ

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Vesturbyggð óskaði eftir tilboði frá Vestfjarðastofu í gerð vinnu vegna stefnumótunar í ferðaþjónustu.

Verkefnið og áætlunin hefur verið samþykkt og sent til fjárhagsáætlunargerðar Í Vesturbyggð en fjárhagsáætlunargerð er ekki lokið og ef til vill koma einhverjar breytingar fram.

**Árangursmælikvarðar:**

- Ferðamálastefna unnin og afhent Vesturbyggð



## VESTFJARÐAKORT

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

Stefnt er að því að gefa út nýtt Vestfjarðakort á árinu, helst með tilliti til og áherslum Hringveg S2 þegar hann opnar.

Því má gera ráð fyrir að útgáfa kortsins verði í seinna lagi þetta árið, enda gert ráð fyrir því í upplagi fyrra árs.

**Árangursmælikvarðar:**

- Útgáfa korts.
- Fjöldi auglýsenda – tekjur af korti
- Dreifing korts

Vestfjarðastofa

# 6. Markaðsstofa




## STAFRÆNIR VESTFIRÐIR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Ferðamálastofa ákvað síðla árs 2019 að halda sambærileg námskeið og fyrirhuguð voru í þessu verkefni. Því hefur verkefninu verið breytt og ákveðið að þeir fjármunir sem Markaðsstofa Vestfjarða fékk muni fara í áframhaldandi ráðgjöf til þeirra aðila sem sitja námskeið Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa bindur vonir við að um 15-20 aðilar muni sitja námskeiðin og munu þeir aðilar geta sótt um áframhaldandi ráðgjöf byggt á sínum þörfum.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fjöldi þátttakenda sem fær ráðgjöf
- Könnun á stafrænni getu - niðurstöður

## SAMFÉLAGSMIÐLAR OG BLOGG

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Áfram verður unnið að því að stækka áheyrnarhóp okkar á samfélagsmiðlum, fylgjendahópur okkar stækkaður og meira ítarefni á bak við hverja færslu.

Það gefur notendum dýpri og betri skilning á landssvæðinu og vekur þannig vonandi meiri athygli og enn frekari löngun til þess að heimsækja svæðið.

Vonir standa til þess að hægt verði að uppfæra myndasafn okkar og endurvekja blogg sem skilaði góðum árangri áður.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fylgjendur á samfélagsmiðlum
- Fjöldi færsla á miðlum
- Fjöldi bloggfærsla
- Stærra myndasafn

## HEIMASÍÐA OG FRÉTTABRÉF

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Búast má við því að töluverð vinna fari í heimasíðu Visit Westfjords á árinu.

Ferðamálastofa tekur í notkun nýjan gagnagrunn sem krefst þó nokkurrar endurnýjunar og endurhönnunar á ýmsum þáttum á heimasíðum Markaðsstofa landshlutanna.

Haldið verður áfram með útgáfu fréttabréfs Markaðsstofu Vestfjarða, stefnt er á að fréttabréfið komi út annan hvern mánuð eða að meðaltali 6-7 sinnum yfir árið.

**Árangursmælikvarðar**:

- Útgáfa fréttabréfa
- Endurnýjuð heimasíða Visit Westfjords

** Verkefnið tilheyrir einnig Atvinnuþróun

Vestfjarðastofa

# 6. Markaðsstofa

## SAMSTARF STOÐKERFIS OG ATVINNULÍFS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Undir þetta verkefni falla samskipti og samstarf Vestfjarðastofu/markaðsstofu við m.a. stofnanir á landsvísu, ferðaþjóna á Vestfjörðum og samstarf við stofnanir innan svæðis:

- Ferðamálastofa
- Íslandsstofa
- SAF
- Stjórnstöð ferðamála
- „Ársfundur aðila MV" – Ferðaþjónustudagur
- Fundir með ferðaþjónustuaðilum (morgunfundir)
- Heimsóknir til ferðaþjóna á svæðinu

Samningar Markaðsstofu Vestfjarða við Ferðamálastofu eru lausir eftir árið 2020 og því má gera ráð fyrir að töluverður tími fari í gerð nýrra samninga. Enn er óljóst hvort þeir samningar verði gerðir í núverandi mynd eða hvort gerð verið sú breyting að Markaðsstofur landshlutanna þróist í Áfangastaðastofur með aukið hlutverk. Þessi vinna er unnin í samstarfi við Ferðamálastofu og að einhverjum hluta við Stjórnstöð ferðamála.

Samstarf við Íslandsstofu er almennt í tengslum við blaðamannaferðir, sýningar og markaðsefni. Ekki hafa verið settar niður blaðamannaferðir eða sýningar næsta árs.

Stjórn Vestfjarðastofu hefur samþykkt að stofnaður verði faghópur ferðaþjónustunnar og munu tveir aðilar í þann hóp vera tilnefndir af aðilum Markaðsstofu Vestfjarða. Því er nauðsynlegt að halda „ársfund" aðila að MV og verður á þeim fundi kosnir aðilar í þennan faghóp. Þetta tækifæri verður nýtt sem Ferðaþjónustudagur Vestfjarða, en kallað hefur verið eftir slíkum vettvangi.

Morgunfundir ferðaþjóna munu halda áfram og áætlað að halda a.m.k. 6 slíka fundi á norðursvæði og a.m.k. fjóra slíka fundi á Ströndum og suðursvæði árið 2020.

Fulltrúar Markaðsstofu Vestfjarða munu árið 2020 heimsækja ferðaþjónustufyrirtæki og er áætlað að heimsækja a.m.k. 30 ferðaþjónustufyrirtæki. Lögð verður áhersla á að heimsækja fyrst fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum en ekki var farið í markvissa heimsóknarferð þangað árið 2019.

**Árangursmælikvarðar**:

- Nýjir samningar um fjármögnun starfsemi MV
- Blaðamannaferðir og sýningar sbr. skilgreind verkefni
- Faghópur ferðaþjónustu fundar reglulega
- Ársfundur aðila MV haldinn
- Ferðaþjónustudagur haldinn
- Morgunfundir ferðaþjóna haldnir á öllum svæðum
- 30 fyrirtæki heimsótt

## HAUSTRÁÐSTEFNA MAS



**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Markaðsstofur landshlutanna halda árlega ráðstefnu í Reykjavík að hausti. Er þar reynt að fjalla um málefni ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um umfjöllunarefni vegna ráðstefnunnar haustið 2020.

**Árangursmælikvarðar**:

- Haustráðstefna haldin
- Þátttaka frá Vestfjörðum

Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Markhópar | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
| Mannamót | | | | x | x | x | x |
| Sýningar | | | | x | | x | |
| Blaðamannaferðir | | | | x | | | |
| Vestfjarðakort | x | | | x | | x | |
| Hringvegur 2 | x | | x | x | x | x | x |
| Stafrænir Vestfirðir | | | x | x | | x | |
| Samfélagsmiðlar og Blogg | x | | x | x | | x | x |
| Heimasíða og fréttabréf | x | | x | x | x | x | x |
| Haustráðstefna MAS | | | | x | x | x | |
| Áfangastaðaáætlun Vestfjarða | x | | x | x | x | x | x |
| Samstarf stoðkerfis og atvinnulífs | | | x | x | x | x | |
| Ferðamálastefna Vesturbyggð | x | | x | x | | x | |
| | | | | | | | |

Vestfjarðastofa